

# 275. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 9. MARS 2018 KL 8:20

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## DAGSKRÁ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
  - a) Erindi sálmabókarnefndar vegna sálmaskrár.
  - b) Jöfnunarsjóður sókna, endurskoðun reglugerðar, stöðuskýrsla.
  - c) Kirkjumálasjóður, endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar.
  - d) Húsaleigumál að Laugavegi 31.
- 3) Fasteignir
  - a) Valþjófsstaður, tilboð sveitarfélagsins í landspildu.
  - b) Heydalir, Staðarborg, Frá 269. fundi 13. september 2017 Stöðuskýrsla.
  - c) Miðfjarðará, erindi Vegagerðarinnar.
  - d) Hof í Vopnafirði, búsetuskylda, erindi sóknarprests.
  - e) Árnes 1, kauptilboð.
  - f) Hraungerði, úttektarskýrsla.
- 4) Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta, breytingatillaga til kirkjubings.
- 5) Úrskurðir úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar 2017 1-5.
- 6) Skálholtsútgáfan, skýrsla til kirkjuráðs.
- 7) Erindi Félags íslenskra organista, áður á dagskrá 264. fundar hinn 11. apríl 2017 og þá frestað.
- 8) Jafnréttisfulltrúi þjóðkirkjunnar.
- 9) Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 8:20. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

- a) *Erindi sálmabókarnefndar vegna sálmaskrár.*  
Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við að nefndin festi kaup á sálmaskránum skv. erindinu enda verði kaupin fjármögnuð af fjárheimild hennar vegna útgáfunnar.
- b) *Jöfnunarsjóður sókna, endurskoðun reglugerðar, stöðuskýrsla.*  
Lögð fram skýrsla framkvæmdastjóra.
- c) *Kirkjumálasjóður, endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar.*  
Skýrslan lögð fram.
- d) *Húsaiegumál að Laugavegi 31.*  
Lögð fram drög að húsaleigusamningi milli kirkjumálasjóðs og embættis biskups Íslands.
- 

## 3. FASTEIGNIR

---

- a) *Valþjófsstaður, tilboð sveitarfélagsins í landspildu.*  
Tilboðið lagt fram en það er í 9 ha. landsspildu úr landi Valþjófsstaðar 1. Einnig lagt fram tölvubréf sveitarstjóra þar sem fram kom að hann fékk lögmann hjá fasteignasölu til að gera verðmat á spildunni. Að beiðni framkvæmdastjóra fékk fasteignasvið staðfestingu á matinu. Ákveðið að gera gagntilboð við fram komið tilboð.
- b) *Heydalir, Staðarborg, Frá 269. fundi 13. september 2017 Stöðuskýrsla.*  
Skýrslan lögð fram til kynningar.
- c) *Miðfjarðará, erindi Vegagerðarinnar.*  
Lagt fram erindi Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar viðhaldsframkvæmdar á brú á Miðfjarðará. Farið er fram á leyfi landeiganda jarðarinnar Melstaðar fyrir framkvæmdinni. Kirkjuráð samþykkir erindið. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri þeirri ábendingu að framkvæmdatími geti haft neikvæð áhrif á veiði í Miðfjarðará.
- d) *Hof í Vopnafirði, búsetuskylda, erindi sóknarprests.*  
Erindið lagt fram en í því fer sóknarprestur fram á að verða leystur undan því að sitja

prestsetursjörðina Hof í Vopnafirði. Kirkjuráð ályktar að orðið verði við erindi sóknarprestsins.

e) *Árnes 1, kauptilboð.*

Tilboðið lagt fram. Tilboðinu hafnað enda jörðin ekki á sölulista kirkjuþings.

f) *Hraungerði, úttektarskýrsla.*

Skýrslan lögð fram. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að óskað verði eftir yfirmati samkvæmt ábúðarlögum. Kirkjuráð samþykkti tillöguna. Frestur til þess er 15 dagar skv. lögunum og er framkvæmdastjóra falið að annast um að það fari fram.

---

#### **4. STARFSREGLUR UM VAL OG VEITINGU PRESTSEMBÆTTA, BREYTINGATILLAGA TIL KIRKJUÞINGS**

---

Tillagan lögð fram. Kirkjuráð yfirfór hana og kallaði til lögfræðing kirkjumálasjóðs og kirkjuþings sér til ráðuneytis. Kirkjuráð telur tillöguna til bóta og leggur til að hún verði hluti af heildarendurskoðun starfsreglna sem stefnt verði að því að leggja fyrir reglulegt kirkjuþing 2018. Kirkjuráð beinir því til biskups Íslands að hann leiðbeini próföstum um að varamenn verði eftirleiðis frá upphafi umsóknarferlis kvaddir til starfa við undirbúning kjörs presta.

---

#### **5. ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR 2017 1-5**

---

Úrskurðirnir lagðir fram. Jafnframt lögð fram gögn er varða áfallinn kostnað vegna málsins. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra og lögfræðingi kirkjumálasjóðs að yfirfara starfsreglur m.t.t. hugsanlegrar greiðsluskyldu kirkjumálasjóðs.

---

#### **6. SKÁLHOLTSÚTGÁFAN, SKÝRSLA TIL KIRKJURÁÐS.**

---

Skýrslan lögð fram.

---

#### **7. ERINDI FÉLAGS ÍSLENSKRA ORGANISTA, ÁÐUR Á DAGSKRÁ 264. FUNDAR HINN 11. APRÍL 2017.**

---

Erindið lagt fram. Kirkjuráð hafnar erindinu.

---

#### **8. JAFNRÉTTISFULLTRÚI ÞJÓÐKIRKJUNNAR**

---

Lögð fram drög að starfslýsingu fyrir starfið. Framkvæmdastjóra falið að láta kanna undir hvaða starfsemi fella mætti starfið og gera þá viðeigandi tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun.

---

## ÖNNUR MÁL

---

Samþykkt að óska eftir því við forsætisnefnd kirkjuþings að heimild verði veitt til þess að leggja fyrir fund kirkjuþings hinn 10. mars 2018 endurskoðaðan lista yfir eignir á sölulista.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:39.

Næsti fundur er áætlaður 10. apríl 2018.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

---

Séra Elínborg Gísladóttir

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon